


„Hrosshár á strengi“

Hlíf Sigurjónsdóttir

fiðla

Povl Christian Balslev

píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 14. febrúar 2023 kl. 20:00

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Povl Christian Balslev er fæddur í Fjelsted á Fjóni og er kominn af prestum í marga ættliði. Hann nam orgelleik við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam 1989–90 og lauk Kirkjutónlistarprófi frá konunglega danska Tónlistarháskólanum 1996 með orgelleik og stjórnun sem höfuðfög.

Povl er tónskáld, píanó- og orgelleikari. Árið 2003 lauk hann námi í leik á klukknauspil og hefur síðan leikið á kirkjuklukkur víða í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Árið 2002 tók hann við stöðu organista, kantors og klukknauspilsleikara við Vorfrúarkirkjuna í Svendborg á Fjóni og einnig kennir hann við kirkjutónlistarskólann í Løgumklostri. Povl hefur mikinn áhuga á kórsöng og kórástarfi og stjórnar tveimur kórum í Svendborg. Hann hefur staðið fyrir tónlistarhátíðum þar, t.d. Vorfrúarhátíðinni, kórahátíðinni SyngSydfyn og fjölpjóðlegu klukknauspilshátíðinni sem haldin er þar sérhvert sumar. Þá er hann ötull flytjandi eigin tónlistar og annarra, leikur á píanó jafnt sem orgel og hefur gefið út fjölda geisladiska. Hann hefur samið tónverk fyrir kóra, orgel, kammersveitir og einnig fyrir leikhús og kvikmyndir. Hann heldur fyrirlestra og hefur ritað greinar og bókarkafli um tónlist og árið 2009 kom út eftir hann ævisaga danska tónskáldsins Th. Aagaard þar sem hann rekur einnig sögu söngtónlistar á Fjóni.

Efnisskrá

Sigvaldi Kaldalóns 1881 – 1946	<i>Ég lít í anda liðna tíð</i>
Friðrik Jónsson 1915–1997	<i>Rósin</i> útsetning Páll H. Jónsson
Þórarinn Guðmundsson 1896–1979	<i>Kveðja</i>
Ole Bull 1810 – 1880	<i>Sunnudagur selstúlkunnar</i>
Sigfús Halldórsson 1920–1996	<i>Dagný</i>
Sigvaldi Kaldalóns	<i>Ave María</i> úr Dansinum í Hruna
Sigfús Einarsson 1877–1939	<i>Sofnar lóa</i>
Jón Jónsson frá Hvanná 1910–1963	<i>Caprí Catarina</i>
Páll Ísólfsson 1893 – 1974	<i>Máriuvers</i>
Þórarinn Guðmundsson	<i>Þú ert</i>
Anton Rubinstein 1829 – 1894	<i>Melody in F</i>
Þórarinn Jónsson 1900 – 1974	<i>Humoreska</i>
Fritz Kreisler 1875–1962	<i>Schön Rosmarin</i> <i>Liebesleid</i> <i>Melody</i>

Hlíf Sigurjónsdóttir was born in Denmark and grew up in Iceland, studying the violin with concertmaster Björn Ólafsson at the Reykjavík College of Music. She furthered her studies at the Universities of Indiana and Toronto where her teachers were Franco Gulli and Lorand Fenyves, followed by two winters as a stipendiary at the Banff School of Fine Arts in Canada. Later she took private lessons in New York from the renowned violinist and teacher Gerald Beal.

Hlíf has worked with many of the leading musicians of the twentieth century, including William Primrose, Janos Starker, Ruggiero Ricci, Igor Oistrach, György Sebok and the members of the Hungarian quartet.

Hlíf has given numerous concerts both as a soloist and with various ensembles and orchestras. In 2014, MRS Classics released her disc *DIALOGUS* with works for solo violin, all of which were written for her. That disc has been highly acclaimed, e.g. by Voix des Arts, and one of Fanfare Magazine's critics, Maria Nockin, has named it as one of the best CDs of the year 2015. In 2015 MSR Classics re-released the critically acclaimed 2-CD set of her playing the Sonatas and Partitas for solo violin by J.S. Bach, first released in 2008.

Povl Christian Balslev is educated at the Royal Conservatory of Music in Copenhagen, as organist and conductor, and also as a carillonneur from The Scandinavian Carillonneur College. Since 2002 he is the cantor and carillonneur at the Church of Our Lady in Svendborg Fyn. He also teaches at Løgumkloster Church Music School, conducts choirs and he is the initiator of several music festivals, including the Our Lady Church Festival and the International Carillonneur in Svendborg.

Besides his musical performance, both as pianist and organist, Povl is an active composer of songs, choir- and organ works, chamber music as well as music for theater and documentaries. He has recorded several CDs and he is a frequent lecturer of Danish song around Denmark. In 2009 he wrote the biography of Th. Aagaard, including historical review of vocal music in Fyn, and he has written numerous articles and chapters in books about music. Povl Christian Balslev is a recipient of several awards, in 2014 he received the Svendborg Municipal Culture Prize and in 2016 the Fyn Cultural Prize.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana

The Museum café is open after the concert

Vetrar- og vordagskrá LSÓ er birt á heimasíðu safnsins www.LSO.is

